



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2021

2101078SA GB
Málalýkill: 00.63

Efni: **Ábendingar varðandi vinnuskjal umhverfis- og samgöngunefndar, 378. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir viðbrögðum við vinnuskjali um breytingar sem umhverfis- og samgöngunefnd íhugar að gera á á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 378. mál (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags).

Almennt um afstöðu sambandsins til frumvarpsins vísast til umsagnar dags. 1. mars 2021 þar sem ítarlega er farið yfir aðdraganda málsins og umfjöllun á vettvangi sambandsins.

Í þessari umsögn eru settar fram tillögur sem eingöngu varða á hvern hátt hægt er að gera orðalag breytingartillagna skýrara út frá þeim markmiðum sem þeim er ætlað að þjóna.

Ábendingar við 1. gr.

a. Lagt er til að 1. mgr. verði svohljóðandi:

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga sé ekki undir 1.000.

Skýring: Orðalagið þykir vísa betur til markmiða þingsályktunar um stefnu í málefnum sveitarfélaga um að ekkert sveitarfélag hafi færri en 1.000 íbúa heldur en orðalag í vinnuskjali.

b. Lagt er til að 4. mgr. verði svohljóðandi:

Álit skv. 2. tl. 2. mgr., skal sent ráðuneytinu til umsagnar og síðan kynnt íbúum sveitarfélagsins með fullnægjandi hætti ásamt umsögn ráðuneytisins. Telji ráðuneytið að sveitarfélagið geti ekki að óbreyttu sinnt lögbundnum skyldum sínum skal ráðuneytið leggja til við sveitarstjórn að hún taki upp viðræður við annað eða önnur sveitarfélög um sameiningu eða leggi fram úrbótaáætlun um það sem bæta þarf í þjónustunni svo íbúar sveitarfélagsins njóti sambærilegrar þjónustu og íbúar annarra sveitarfélaga og lög kveða á um. Að því loknu skal sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort hefja eigi sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. og hafa um það tvær umræður skv. 1. mgr. 18. gr.

Skýring: Sú viðbót sem lögð er til við 4. mgr. í vinnuskjali undirstrikar að ráðuneytinu og sveitarstjórnnum beri að tryggja að álit um sjálfbærni sveitarfélaga fá alvöru málsmeðferð og hafi vægi. Að óbreyttu er umtalsverð hætta á að

ráðuneytið mun telja sig hafa of óljósar heimildir til að bregðast við álitum sem það telur e.t.v. alls ekki fullnægjandi m.t.t. markmiða laganna. Þótt fallist verði á orðlagsbreytinguna mun það á engan hátt skerða rétt íbúa viðkomandi sveitarfélaga til þess að taka endanlega ákvörðun í atkvæðagreiðslu um hvort sveitarfélag sameinist eða ekki.

Um 12. gr.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði IX. verði svohljóðandi:

Ákvæði 4. gr. a. taka gildi gagnvart sveitarfélögum með færri íbúa en 250 við sveitarstjórnarkosningar 2022 og gagnvart öðrum sveitarfélögum með færri íbúa en 1.000 við sveitarstjórnarkosningar 2026.

Skýring: Rétt þykir að orða bráðabirgðaákvæðið sem skýrast. Sú framsetning sem hér er lögð til er í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2023 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri